

## 2. 2210019 - Breyting á deiliskipulagi vegna frístundabyggðar

*Auglýsingafrestur vegna deiliskipulags Áarlands á Skarðsströnd er nú liðinn.*

Tillaga að Deiliskipulagi Áarlands á Skarðsströnd var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdarfresti til 18. Júlí 2023. Athugaaemdir bárust frá Hilmari Jóni Kristinsyni, tölvupóstur dags. 2. maí 2023. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni dags. 6. júní 2023, Veiðifélagi Krossár dags. 29. júní 2023, Hafrannsóknarstofnunar dags. 6. júlí 2023 og Umhverfisstofnunar dags. 12. júlí 2023. Í áðurnefndum umsögnum þessara aðila eru ekki gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Samráð var haft við Slökkviliðsstjóra Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og kom hann á framfæri leiðbeiningum um brunavarnir.

Í athugasemdum Hilmars Jóns Kristinssonar er eftirfarandi athugasemdir gerðr:

a) Kallað eftir umfjöllun Fiskistofu um möguleg áhrif á laxveiði í Krossá.

a. Fyrir liggur umsögn Hafrannsóknarstofnunar þar sem lagt er mat á möguleg áhrif tillögu og niðurstaðan að uppbygging skv. tillögu sé hvorki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á laxfiska né trufla aðgengi veiðimanna að ánni.

b) Spurt hvort landeigendur geti farið í verulegt skógarhögg eða eyðileggingu skógar vegna uppbyggingar frístundabyggðar án nokkura leyfa.

a. Ekki er talið líklegt að uppbygging kalli á verulegt skógarhögg. Um þetta gilda ákvæði laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Felling skóga er háð leyfi Skógræktarinnar.

c) Kallað eftir skoðun slökkviliðsstjóra á brunavörnum.

a. Um er að ræða gamla frístundabyggð sem er í samræmi við eldra skipulag. Gamla skipulagið verður fellt úr gildi við gildistöku þess nýja. Nýja skipulagið kveður á um snúningsplön við enda botnlanga til að auðvelda meðal annars viðbragðsaðilum að snúa við. Enn fremur er tryggt aðgengi að slökkvivatni allt árið í Krossá. Haft hefur verið samráð við slökkvistjóra.

d) Vegur sem liggur fram á Villingadal verði óhindraður með öllu. Það er krafa meirihlutaeigenda Villingadals, eigendur Skarðs, geti farið óhindrað fram á Villingadal, hvort sem það er farið er á vélknúna ökutæki, hestum, fótgangandi eða með öðrum hætti. Auk þess sem greið leið og óhindruð fyrir þá sem þurfa stunda smalamennskur. Ristahlið sem lögð eru oft í vegstæði verði ekki leyfð undir neinum kringumstæðum á þessari leið fram á Villingadal.

a. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu er ekki verið að loka á aðgengi um veginn og því telur nefndin ekki vera forsendur til að breyta eða setja frekari skipulagsskilmála um aðgengi.

e) Minnt á gamlan orðróm um miltisbrand á svæðinu. Hross hafi verið grafin fram með Villingadal en staðsetning óþekkt.

a. Ekki eru taldar forsendur til að breyta eða setja skipulagsskilmála um uppbyggingu á svæðinu byggt á þessum orðróm.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur framkomnar umsagnir og athugasemdir ekki kalla á breytingar á auglýstri tillögu og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja hana sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga og fela skipulagsfulltrúa að ganga frá málinu í samræmi við 1. málsgrein 42. grein skipulagslaga nr. 123/2010.